

Seðlabanki Íslands  
Kalkofnsvegi 1  
150 Reykjavík

7. ágúst 2008

Tilvísun: 2008040008

### Vísbendingar um markaðsmisnotkun

Fjármálaeftirlitið vísar til erindis Seðlabanka Íslands (Seðlabankinn) dags. 2. apríl 2008 þar sem óskað er eftir að Fjármálaeftirlitið rannsaki hvort Kaupþing banki hf. (Kaupþing) og Exista hf. (Exista) kunnir að hafa nýtt stöðu sína á gjaldeyrismarkaði til að stuðla að og hagnast á gengislækkun íslensku krónunnar á óeðlilegan hátt.

Í vinnuskjali merkt SI-39614 sem fylgdi fyrrgreindu erindi og dagsett er sama dag kemur fram að Kaupþing hafi verið nettó kaupandi að um 2.000 milljónum evra á innlendum gjaldeyrismarkaði á tímabilinu frá lokum nóvember 2007 til loka marsmánaðar 2008. Einnig kemur fram að staða Exista, langstærsta eiganda Kaupþings, hafi veikt umtalsvert undanfarin misseri og að félagið hafi gefið út víkjandi 20 milljarða króna skuldabréf en að eigandi þess skuldabréfs sé óþekktur. Ennfremur er tilgreint að í uppgjöri Exista fyrir árið 2007 sé færður 30 milljarða króna hagnaður sem engar skýringar hafi verið gefnar á. Lagt er til í niðurlagi vinnuskjalsins að aflað sé upplýsinga um framangreint.

Fjármálaeftirlitið aflaði upplýsinga um 50 stærstu viðskiptavinum Kaupþings í evruviðskiptum á tímabilinu frá 1. desember 2007 til 31. mars 2008, bæði stundarviðskipti og framvirk viðskipti, og voru Exista og Exista Trading hf. meðal þessara viðskiptavina. Nettókaup þessara 50 viðskiptavina námu 1.800 milljónum evra yfir fyrrgreint tímabil. Í framhaldinu var óskað ítarlegri upplýsinga um nokkra af þessum stóru viðskiptavinum, þ. á m. Exista og Exista Trading hf. Fjármálaeftirlitið telur að ekki komi fram vísbendingar um óeðlileg viðskipti í þessum gögnum.

Fjármálaeftirlitið fékk einnig upplýsingar frá Seðlabankanum um hrein kaup á erlendum gjaldeyri í milljónum króna á millibankamarkaði frá júní 2007 til júní 2008. Þar kemur fram að Kaupþing var nettókaupandi að nærri 60 milljörðum króna í erlendum gjaldeyri í júní 2007 og u.þ.b. 50 milljörðum króna í ágúst 2007, rúmlega 80 milljörðum króna í desember 2007 og u.þ.b. 90 milljörðum króna í janúar 2008. Þar kemur einnig fram að Glitnir banki hf. (Glitnir) er nettókaupandi að gjaldeyri í nóvember 2007, mars og apríl 2008 sem nemur u.þ.b. 30 milljörðum króna í nóvember og mars en 40 milljörðum í apríl 2008. Þá er Landsbanki Íslands hf. (Landsbanki) nettókaupandi að u.þ.b. 20 milljörðum króna í febrúar 2008. Telja verður að minni umsvif Glitnis og Landsbanka heldur en Kaupþings séu ekki óeðlileg m.t.t. stærðarmunar efnahags bankanna og hlutfall erlendrar starfsemi.

Aflað var upplýsinga um eiganda áðurnefnds víkjandi skuldabréfs, eða eiginfjárskírteinis, Exista. Kaupþing var umsjónaraðili útgáfunnar og upphaflegur kröfuhafi. Kaupþing hefur hug á að selja skírteinin á markaði en vegna markaðsaðstæðna hefur það ekki verið unnt og er skírteinið því enn í eigu bankans.


LJÓSRIT


Ekki reyndist nægilegur röskstuðningur fyrir fullyrðingunni um 30 milljarða króna óútskýrðan hagnað Exista vegna varna til að unnt væri að afla frekari upplýsinga þar að lútandi. Skoðuð voru uppgjörsgögn og upptökur af kynningarfundi auk þess sem óskað var nánari útskýringa frá Seðlabankanum.

Með hliðsjón af framangreindu hafa ekki komið fram vísbendingar um brot á þeirri löggjöf sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með. Fjármálaeftirlitið lítur svo á að rannsókn þessa máls sé lokið.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

  
Jónas Fr. Jónsson

  
Guðrún Jónsdóttir